



Íþróttamiðstöðin Borg

Mánudaga – Fimmtudaga kl. 14-22

Föstudaga **Lokað**

Laugardaga – Sunnudaga kl. 11-18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530



SÍMANÚMER HJÁ GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPI

Skrifstofa	480 5500
Kerhólsskóli	480 5520
Sundlaug	480 5530
Áhaldahús	480 5531
Félagsheimili	855 5800

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

Þorrablót 2016

Okkar árlega þorrablót verður haldið
í Félagsheimilinu Borg föstudaginn 29. janúar 2016.
Húsið opnar kl. 20:00 og borðhaldið hefst stundvíslega kl. 20:30.

Aldurstakmark á þorrablótið miðast við þá sem verða
16 ára á árinu 2016.

Maggi Kjartans ásamt Stefáníu Svavarsdóttur leika fyrir dansi
og maturinn verður frá Múlakaffi
Miðapantanir eru hjá

Drifu Björk í síma 897-3354

Einnig má panta miða á netfanginu thorrablot.hvot@gmail.com

Miðaverð kr. 6.700 og þarf að vera búð að panta og greiða miða
í síðasta lagi **mánudagskvöldið 25. janúar.**

Vinsamlega leggið greiðslur inn á
reikning 586-14-403129, kennitala 020481-3749
og sendið staðfestingu um greiðslu á netfangið
thorrablot.hvot@gmail.com

ATH: Einungis gos verður selt á barnum.





Nýárspistill oddvita Grímsnes og Grafningshrepps 2016.

Ágætu lesendur, gleðilegt nýtt ár og takk fyrir samstarfið á árinu sem var að líða.

Margt hefur verið um að vera í okkar sveitarfélagi á síðastliðnu ári, bæði í framkvæmdum og öðrum málum er lúta þó sérstaklega að skipulagsmálum. Okkar samfélag hefur ekki farið varhluta af fjölgun ferðamanna til Íslands og endurspeglast það meðal annars í fjölda umsókna um rekstrarleyfi vegna útleigu sumarhúsa.

Nauðsynlegt er að hafa skýra sýn á hversu víðtækar heimildir eigi að vera til útleigu og þá í hvaða formi það ætti að vera.

Á vordögum var samþykkt að fara í þá vinnu að endurskoða aðalskipulag sveitarfélagsins og er alveg nauðsynlegt að taka þessi mál fyrir á þeim vettvangi. Næstu skref í endurskoðuninni er að eigendur jarða munu fá erindi um miðjan janúar þar sem óskað verður eftir því við eigendur hvort breytinga er þörf á þeirra landi. Vonumst við til þess að fljótlega eftir það verði boðað til íbúafundar um áherslur aðalskipulagsins.

Í upphafi ársins var samþykkt að fara í samstarf við nágranna-sveitarfélögin um kaup á kalkblandara fyrir seyrur sem safnað er í sveitarfélögunum. Seinnipart sumars hefur seyrin verið unnin í þessum ágæta búnaði með góðum árangri og með þessari meðhöndlun verður heimilt að yfirborðsdreifa afurðinni til landgræðslu. Þetta er mikið umhverfismál og verður ánægjulegt að fylgjast með framgangi þessa verkefnis, en það er gert í samstafi við Landgræðslu ríkisins.

Á þessu ári er 50 ára afmæli félagsheimilisins á Borg en uppbygging þess á sínum tíma var unnin að stórum hluta í sjálfböðavinnu af sveitungum okkar. Heyrst hefur að það standi mikið til á þessum tímamótum.



Flúðaleið ehf

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-8:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 12:00

**Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla
söluaðila.**

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8-12 og
13-17 alla virka daga.

Sími skrifstofu 486-1070,

Halldóra og 892-2370 Pálmar

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2371-Dawid útkeyrsla og Selfoss

892-2372-Kamil Flúðir-Reykjavík.

892-2316-Lukasz útkeyrsla

892-2308-Trailer.

*Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar*



Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur



Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðva frá 1. september til 30. apríl

	Heiðarbaer	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur				14:00 - 16:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 16:00	
Miðvikudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Fimmtudagur			14:00 - 16:00	
Föstudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Laugardagur	10:00 - 12:00			14:00 - 16:00
Sunnudagur		11:00 - 13:00	14:00 - 17:00	

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladaðag - Annan í jolum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.

Ath.breytt símanúmer

Heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási er:

432-2770

Heilbrigðisstofnun á Selfossi er:

432-2000



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Samþykkt hefur verið að halda upp á daginn með formlegum hætti þann 27. febrúar, en það verður auglýst sérstaklega.

Nokkuð ljóst er að breytingar verða á yfirstjórn skólans á nýju ári þar sem skólastjóri sagði starfi sínu lausu á haustdögum. Vil ég þakka honum vel unnin störf í þágu skólans. Áætlað er að auglýsa eftir nýjum stjórnanda á vordögum en fram að þeim tíma mun Jóna Björg Jónsdóttir sinna starfi skólastjóra.

Á vordögum stóð atvinnumálanefnd sveitarfélagsins fyrir viðburðinum „Borg í sveit“. Einstaklega ánægjulegt var að sjá hvað margir tóku þátt í því verkefni. Vil ég þakka öllum þeim sem tóku þátt og einnig atvinnumálanefnd fyrir skipulagið á viðburðinum. Vonumst við til að þessi viðburður sé kominn til að vera.

Næstu verkefni á þessu ári er eins og fram hefur komið endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins og svo talsvert umfangsmikið mál sem eru sorpmál. En á miðju sumri rennur út samningur við Gámabjónustuna um sorphirðu. Nokkuð ljóst er að við þurfum að taka höndum saman til að minnka það umfang sorps sem fer frá okkur með öllum tiltækum ráðum. Magnið jókst verulega á síðastliðnu ári sem vekur okkur til umhugsunar hvernig getum við flokkað meira og hugsað betur um umhverfið.

Mikið hefur verið skrifað og rætt um skuldahlutfall sveitarsjóðs. En samkvæmt bráðabirgðatölum um niðurstöðu ársins 2015 stefnir í að skuldahlutfallið verði 137% og samkvæmt fjárhags-áætlun vegna 2016 er áætlað að hlutfallið verði 129%.

Ég vil þakka öllu samstafsfolki fyrir ánægjulegt samstarf á árinu sem var að líða og bjarta framtíð.

Oddviti Grímsnes og Grafningshrepps
Gunnar Þorgeirsson.



FUNDARGERÐ.

380. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 2. desember 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

- a) Erindi frá Sigmari Ólafssyni, skólastjóra Kerhólsskóla.
- b) Kerið, umsókn um framkvæmdarleyfi.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. nóvember 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 18. nóvember 2015 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

- a) Fundargerð 49. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 19. nóvember 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



FERSKAR KRYDDJURTIR

Opið er alla virka daga frá 10-16 eða eftir samkomulagi.

Sími 669-0108.

Verslunin Borg

Opnunartími í vetur

Mán-lau. 10:00-19:00

Sun. 11:00-18:00

Sími: 486-4408



Heitt á könnunni !



Sparidagar eldri borgara á Hótel Örk

Eins og undanfarin ár býður Grímsnes- og Grafningshreppur eldri borgurum sem lögheimili eiga í sveitarfélaginu að eiga dvöl á sparidögum á Hótel Örk.

Að þessu sinni er búið að taka frá dagana

28. febrúar – 4. mars 2016

Endilega skráið ykkur sem fyrst í síma 480-5500 eða á netfangið linda@gogg.is

Nánari upplýsingar um dagskrá verða sendar um miðjan janúar.

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson lögfr. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 10, 2 hæð. 800 Selfoss

- b) Fundargerð 28. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 12. nóvember 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- c) Fundargerð 17. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 24. nóvember 2015.

Mál nr. 1, 4 og 5 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 17. fundargerð æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 24. nóvember 2015.

Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Ungmennaráð.

Fyrir liggja drög að samþykkt fyrir Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps. Sveitarstjórn vísar áætluninni til annarrar umræðu.

Mál nr. 4: Önnur mál.

Æskulýðs- og menningarmálanefnd fer fram á að sveitarstjórn finni framtíðar staðsetningu fyrir leiksvæði á Borg svo hægt sé að vinna markvist að uppbyggingu þess. Sveitarstjórn mun hafa það til hliðsjónar við vinnu endurskoðunar deiliskipulags sveitarfélagsins.

Mál nr. 5: Opnunartímar í líkamsræktaraðstöðu.

Sveitarstjórn óskar eftir að Æskulýðs- og menningarmálanefnd lagfæri fundargerðina og leggi fram að nýju.

- d) 100. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 26. nóvember 2015.

Mál nr. 8, 9, 20 og 21 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 100. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 26. nóvember 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 8: 1511046 - Garðyrkjubýlið Reykjalundur:
Reykjanes: Deiliskipulagsbreyting: Úrskurður
úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Fyrir liggur úrskurður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála frá 12. nóvember 2015 varðandi breytingu á deiliskipulagi Reykjanes í Grímsnes- og Grafningshreppi, vegna garðyrkjubýlisins Reykjalundar. Niðurstaða nefndarinnar er að ekki eru ágallar á meðferð eða efni hinnar kærðu deiliskipulagsbreytingar og er kröfu um ógildingu hafnað. Lagt fram til kynningar.

Mál nr. 9: 1511050 - Nesjar 170824: Nesjar spennistöð:
Stofnun lóðar.

Fyrir liggur umsókn Rarik ohf. dags. 9. nóvember um stofnun 56 m² lóðar undir spennistöð úr landi Nesja lnr. 170824. Jafnframt liggur fyrir lóðablað dags. 31. ágúst 2015. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við stofnun lóðarinnar með fyrirvara um lagfæringu á lóðablaði í samráði við skipulagsfulltrúa. Ekki eru gerðar athugasemdir við landsskipti skv. 13. gr. jarðalaga.

Mál nr. 20: 1511003F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-18.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 11. nóvember 2015.

Mál nr. 21: 1511006F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 15-19.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 24. nóvember 2015.

e) Fundargerð 30. fundar stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs., 26. nóvember 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Fjárhagsáætlun 2016-2019, seinni umræða.

Fyrirliggjandi tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 er tekin til lokaafgreiðslu. Niðurstöður áætlunarinnar eru eftirfarandi í þúsundum króna:

TAPAST HEFUR MÓBRÚNN FOLI!



Móbrúnn Foli á öðrum vetri tapaðist frá Bjarnastöðum í byrjun desember, Faxið á honum óx eiginlega beint upp (algjör pönkari) á honum er lítill sem enginn ennistoppur, hann er lofthár eins og sagt er, þessar myndir eru teknar í júlí og hann gekk undir merinni, þannig að hann gæti verið frekar stór (eða hár miðað við aldur) er fæddur 18. júlí 2014. Hann er með ljósbrúna hringi í augum samt ekki glaseygður. Geltur og örmerki er 352206000098224.

Ef þið hafið orðið vör við folann þá vinsamlegast hafið samband við undirritaða.

Með bestu kveðju,
Kolbrún Gestsdóttir
S; 587 3929 og 698 5698

svo ég nefni fleira: Teikn eru nú á lofti um nývaknaðan lestrar-áhuga einstaklinga sem hafa haft um annað að hugsa til þessa. Dásamlegar eru undirtektir nemenda í 5. – 7. bekk við reglulegum upplestri á úrdrætti úr sjálfri Njáls sögu og Sögunni hans Hjalta litla.

Eins og þið sjáið af þessari upptalningu, lesendur góðir: Þessar síðustu vikur ársins hafa verið andlega nærandi fyrir undirritaðan, nánast samfelld veisla - ýmist heima í stofu, þökk sé Ríkisútvarpinu, eða á vinnustaðnum, Kerhólsskóla, þökk sé samstarfsfólki og farsælum stjórnanda, góðum vinnuanda og hreint út sagt frá-bærum nemendum. Vonandi verður ekkert lát á þessari veislu, þótt skjótt hafi skipast veður í lofti.....

Bjarni Þorkelsson, kennari í Kerhólsskóla.

FEDGAVERK



Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur -
jarðheflun & fólksflutninga, 6-11 farþega.

Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Rekstrarniðurstaða A-hluta tekjur umfram gjöld	44.641
Rekstrarniðurstaða samstæðu A og B-hluta tekjur umfram gjöld	27.885
Handbært fé frá rekstri A-hluti	97.303
Handbært fé frá rekstri samstæðu	115.336

Einnig liggur fyrir 3ja ára fjárhagsáætlun og eru helstu lykiltölur samstæðureikningsins í þúsundum króna:

	2017	2018	2019
Tekjur	802.178	806.599	811.463
Gjöld	702.881	703.818	704.239
Fjármagnsgjöld	52.634	39.993	28.711
Rekstrarafgangur	46.663	62.788	78.513
Eignir	1.648.453	1.675.363	1.711.449
Skuldir	987.583	951.705	909.278
Eigið fé	660.870	723.658	802.171
Fjárfestingar (nettó)	30.000	25.000	24.000

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun fyrir rekstrarárið 2016 og framlagða 3ja ára áætlun Grimsnes- og Grafningshrepps fyrir árin 2017-2019.

4. Viðauki við áætlun 2015.

Fyrir liggur útfærsla á viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2015. Viðaukinn felur í sér útgjaldaauka í rekstri að fjárhæð kr. 11,8 millj. Þessum útgjaldaauka er mætt með breytingum á fjárfestingu og sölu eigna að fjárhæð kr. 31,7 millj. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi viðauka.

5. Vatnsréttindi við Sogið.

Samþykkt er að óska eftir að Þjóðskrá Íslands meti vatnsréttindi við Sog og Þingvallavatn til fasteignamats vegna virkjana við Steingrímsstöð, Írafoss og Ljósafoss. Einnig er farið fram á endurmat á jarðhitahlunnindum Nesjavalla.

6. Nýr byggingarfulltrúi.

Fyrir liggur að gengið hefur verið frá ráðningu nýs byggingarfulltrúa hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. fyrir aðildarsveitarfélögin. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða ráðningu Rúnars Guðmundssonar og felur sveitarstjóra að tilkynna það til Mannvirkjastofnunar.

7. Kauptilboð í lóðir sveitarfélagsins í Ásborgum.

Á fundi sveitarstjórnar þann 18. nóvember s.l. var sveitarstjóra falið að ræða við tilboðsgjafa í þær 10 lóðir sveitarfélagsins í Ásborgum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að taka tilboði Grímsborga ehf. í áðurnefndar lóðir. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningum við tilboðsgjafa.

8. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki V og veitingastaðar í flokki II í ION Hótel ehf., Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 18. nóvember 2015 um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki V og veitingastaðar í flokki II í ION Hótel ehf, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

9. Beiðni um styrk frá Landgræðslu ríkisins vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“.

Fyrir liggur beiðni um styrk frá Landgræðslu ríkisins til verkefnisins „Bændur græða landið“. Óskað er eftir styrk að fjárhæð kr. 30.000. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

10. Beiðni um styrk frá foreldrafélagi Kerhólsskóla vegna jólaballs.

Kerhólsskóli

sannarlega á sér stað jafnt og þétt, og vísar til viðfangsefnis læsis-
hópsins.

Í stuttu máli: Það er alltaf verið að lesa: Nemendur lesa upphátt og í hljóði, bæði í skólanum og heima hjá sér, lesa upp fyrir aðra, ýmist eigin sögur eða ljóð eða fara með skáldskap eftir aðra, oftast vandlega valinn eðaltexta – fornan eða nýlegan - eftir færustu rithöfunda og skáld. Þess er gætt að halda sífellt að nemendum sígildum eða nýlegum eðaltextum, ýmist til að lesa þá, rita eftir upplestri, hlusta á þá lesna eða vinna úr þeim á annan hátt. Og, vel að merkja, auðvitað hvers kyns fræðilega texta líka, t.d. úr samfélagsfræðinni eða náttúrufræðinni.

Söngur, tjáning – og loftslagsráðstefna!

Eins og komið hefur fram í þessum pistlum gerist margt skemmtilegt í Söng og tjáningu í Kerhólsskóla. Auk söngs og ljóða, sem ævinlega eru á dagskrá, hafa öll skólabörnin markvisst lagt grunn að frjálsmannslegri sviðsframkomu, sem vonast er til að þau búi að alla ævi. Þau hafa til dæmis, undir stjórn umsjónarkennara sinna, flutt fjölbætt menningarefni sem hæfa aldri þeirra og þroska. Þá var í einni desemberstundinni haldin heil loftslagsráðstefna undir stjórn Rögnu náttúrufræðikennara, með þátttöku allra bekkja – um svipað leyti og þjóðleiðtogar funduðu í París um sömu málefni. Það var eftirminnileg og umhugsunarverð samantekt á verkefnum sem unnin hafa verið í skólanum, og varða hvorki meira né minna en framtíð jarðarinnar og alls þess sem lífsanda dregur – og minnti líka á spakmælið, sem ég leyfi mér að tilfæra hér: „Í ríki náttúrunnar er ekkert tilgangslaust, ómerkilegt eða óþarft“. (Maimonides)

Veisla í farangrinum

Ekki má gleyma að segja hér frá upplestri nemenda og kennara á bókinni Ævintýri á jólanótt (höf. Olga Guðrún Árnadóttir), sem lesin var fyrir alla nemendur skólans í 5 atrennum, einn kafli í senn – en skipt var í hópa þvert á aldur, þannig að í öllum hópum voru nemendur í 1. – 9. bekk. Var þetta hin besta skemmtan. Og

Laxness Hvert örstutt spor, sem einnig var á allsnægtaborði Ríkisútvarpsins um jólin. Úr hversdagslífi okkar skólafólks er nærtæk samþætting námsgreina og samvinna tónlistar- og söngkennarans í Kerhólsskóla (Maggi Kjartans er líka Keflavíkur-bítill!) við þá kennara sem miðla eiga sagna- og ljóðaarfinum – ritlistinni. Þessi tilhögun hefur eftt starf beggja aðila svo um munar.

Árshátíð í Kerhólsskóla

Verkin sýna merkin: Á árshátíð Kerhólsskóla 25. nóvember sl. sást þessara samlegðaráhrifa gæta á margan hátt – m.a. í rímna-kveðskap Sigurbjörns á Fótaskinni, sem nemendur 5. – 7. bekkjar fluttu á seiðmagnaðan hátt, en einnig í samsöng allra nemenda grunnskólans á ljóðum gömlu meistaranna, t.d. Jónasar Hallgrímssonar (Ég bið að heilsa), Hannesar Hafstein (Sprettur) og Gríms Thomsen (Sprengisandur). Þessu skemmtiefni var fléttað inni amerískt kúrekaleikrit, þar sem leikpersónur voru íslenskir vesturfarar – flóttamenn að leita sér betra viðurværis í fjarlægri heimsálfu. Forsögu og landafundum var haldið til haga; af forfeðrum á flóttu, frá Noregi til Íslands, frá Íslandi til Grænlands, frá Grænlandi til Ameríku. Þannig að hér var – með léttum leik - tæpt á viðkvæmum og stórpólítískum málum, sem nú eru efst á baugi í gjörvallri Evrópu – og líka minnt á þau gömlu sannindi að ekkert er nýtt undir sólinni. Að venju tóku allir nemendur grunnskólans þátt í þessari sýningu, það þarf víst ekki að taka það fram.

Enn af lestri

Í Kerhólsskóla er nú verið að vinna þróunarvinnu á nokkrum afmörkuðum sviðum. Einn hópurinn fæst við læsi og endurskoðun lestrarstefnu skólans, og það er raunar eini hópurinn sem undirritaður er til frásagnar um, í krafti þess auðvitað að þeim hópi tilheyrir hann og engum öðrum. Ekki er ætlunin að gera hér neina grein fyrir verkefnum þessa hóps, hvað sem síðar verður. Það er hins vegar freistandi, hvað sem öðru líður, að segja frá ýmsu sem

Fyrir liggur beiðni um styrk frá foreldrafélagi Kerhólsskóla að fjárhæð kr. 30.000 vegna jólaballs þann 18. desember n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

11. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Fyrir liggur beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags fyrir Hinrik Ara Laufdal Ingólfsson. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða námsvistina og felur sveitarstjóra að ganga frá málinu.

12. Tölvupóstur frá hjúkrunarstjóra HSU í Laugarási þar sem óskað er eftir að sveitarfélögin í uppsveitum Árnessýslu biðji um breytingu á póstnúmerum.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Önnu Ipsen, hjúkrunarstjóra HSU í Laugarási, dags. 16. desember 2015 þar sem óskað er eftir að sveitarfélögin í uppsveitum Árnessýslu biðji um breytingu á póstnúmerum sveitanna. Mikill ruglingur er hjá HSU vegna bókunarkerfis sem byggir á póstnúmerum og að auki er töluvert um rugling innan Neyðarlínunnar. Oddvita falið að kanna málið.

13. Bréf frá Þjóðskrá Íslands þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á Kringlumýrarvegi 8, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Þjóðskrá Íslands, dagsett 11. nóvember 2015 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á endurmati fasteignamats á Kringlumýrarvegi 8, Grímsnes- og Grafningshreppi. Bréfið lagt fram.

14. Bréf frá Sveini Ívarssyni og Önnu S. Guðmundsdóttur vegna breytinga á frístundahúsi í heilsárshús.

Fyrir liggur bréf frá Sveini Ívarssyni og Önnu Sigríði Guðmundsdóttur, dagsett 23. nóvember 2015 þar sem óskað er að frístundahúsi að Skyggnisbraut 2b verði breytt í heilsárshús. Erindinu hafnað.

15. Bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu vegna erindis frá skóla- og frístundasviðið Reykjavíkurborgar sem varðar grunnskólagöngu milli lögheimilissveitarfélaga.

Fyrir liggur bréf frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, dagsett 23. nóvember 2015 vegna erindis frá skóla- og frístunda- sviði Reykjavíkurborgar sem varðar grunnskólagöngu milli lögheimilissveitarfélaga. Bréfið lagt fram.

16. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu þar sem tilkynntar eru breytingar á lögræðislögum nr. 78/1997.

Fyrir liggur bréf frá Innanríkisráðuneytinu, dagsett 23. nóvember 2015 þar sem tilkynntar eru breytingar á lögræðislögum nr. 78/-1997. Bréfið lagt fram til kynningar.

17. Beiðni Velferðarnefndar Alþingis um umsögn á tillögu til þingsályktunar um stefnu og aðgerðaráætlun í geðheilbrigðismálum, 338. mál.

Þingsályktunartillagan lögð fram.

18. Bréf frá Yfirfasteignamatnefnd vegna kæru álagningar fasteignaskatta á Kiðjaberg 77, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Yfirfasteignamatnefnd, dagsett 19. nóvember 2015 vegna kæru álagningar fasteignaskatta á Kiðjaberg 77, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn felur lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að vinna að málinu fyrir hönd sveitarfélagsins.

19. Skýrsla R3 Ráðgjafar um greiningu og úttekt á starfsemi Skiplags- og byggingarfulltrúa uppsveita og Tæknisviði uppsveita.

Fyrir liggur skýrsla R3 Ráðgjafar um greiningu og úttekt á starfsemi Skiplags- og byggingarfulltrúa uppsveita og Tæknisviði uppsveita. Umræðu frestað til næsta fundar.

20. Minnisblað af ráðstefnunum The role of Nordic municipalities and regions in the green transition og Norræni rafmagnsmarkaðurinn í 100 ár.

Fyrir liggur minnisblað af ráðstefnunum The role of Nordic municipalities and regions in the green transition og Norræni rafmagnsmarkaðurinn í 100 ár. Minnisblaðið lagt fram til kynningar.

Kerhólsskóli

Það er sjálfsagt að virða það og viðurkenna að þessir nýju oftjángartímar hafa fært okkur fjölbreyttari afþreyingarmöguleika á flestum sviðum. Réttmætar efasemdir um uppeldisgildi vakna þó á heimilum þar sem rammast kveður að sjónvarpsglápi og tölvufíkn. En er þá ekkert eftir af því sem gaf lífinu gildi fyrrum, þegar bóklestur var stundaður í tómstundum, jafnvel allar götur síðan kvöldvökur tíðkuðust á bæjum, fyrir og eftir að ritmál hófst og fyrir og eftir að kennisetningar kirkjunnar bönnuðu alla skemmtun á Íslandi, dans og söng og safaríkt lesefni?

Gagn og gaman

Jú, segi ég og skrifa. Enn má hafa gaman af sögum og ljóðum, og hvergi má slaka á klónni að halda slíku efni að börnum. Þar er ábyrgð heimilanna auðvitað stærst, og ekkert kemur í staðinn fyrir markvisst máluppeldi og kvöldlestur fyrir börn, þegar þau eru komin í háttinn. Leikskólinn og grunnskólinn verða svo að bæta í, og halda strikinu alla skólagönguna – öðruvísi verður ekki hægt að tryggja viðunandi árangur, þ.e. að allir nemendur geti lesið sér til gagns og gamans við lok grunnskólagöngunnar. Og auðvitað má segja að það sé hreinn aumingjaskapur ef ekki er hægt að gulltryggja þetta - sé tíminn rétt notaður og báðir aðilar, heimili og skóli, standi við sitt!

Vagg og velta

Sagnahefðin er rík á Íslandi og birtingarmyndirnar ýmist í munnlegri geymd eða ritmáli. Hiklaust má segja að menningararfinn geymum við að miklu leyti í rituðu máli. Ritlistin hefur til þessa dags tryggt samhengið í tungu okkar og menningu og iðkun þess hlýtur áfram að verða grundvallarforsenda fyrir varðveislunni. Aðrar listgreinar, svo sem tónlist, myndlist og kvikmyndalist, gegna ómetanlegu hlutverki í túlkun og úrvinnslu menningararfsins. Um það eru mýmörg dæmi úr samtímanum, sumt þegar áminnst hér að framan. Síðast nú á jólum var óperan Ragnheiður eftir Keflavíkurbítillinn Gunnar Þórðarson sýnd í sjónvarpi – og þá mætti nú minnst á ógleymanlega túlkun Diddúar á ljóði Halldórs

Aramót – litið um öxl

Margt skemmtilegt ber fyrir augu í sjónvarpi allra landsmanna. Undanfarið höfum við verið svo lánsöm að fá að horfa á hverja íslensku stórmyndina af annarri, myndir sem gerðar voru eftir sögum Halldórs Laxness. Sagan segir að myndunum hafi tekist að bjarga með nútímatækni, þótt þær hafi verið taldar svo gott sem ónýtar. Myndirnar sem hér um ræðir eru Salka Valka, Brekkukotsannáll, Paradísarheimt, Atómstöðin og núna síðast Kristnihald undir Jökli. Allar eru þessar myndir - og sögurnar sem þær byggjast á - hreinustu meistaraverk í botn og grunn.

Í Brekkukotsannál eftir Halldór Laxness (sem verið er að lesa í útvarpinu í þessum skrifuðu orðum) segir frá ömmu í Brekkukoti, kotinu þar sem sérhvert orð var dýrt, litlu orðin líka. Sögumaður, drengurinn Álfgrímur heyrði ömmu tauta fyrir munni sér, er biblíuna bar á góma, eitthvað á þessa leið: Það er nú kannski ekki allt satt sem stendur í henni, Álfgrímur minn. Og svo segir höfundur að á oftjáníngartímum eins og þeim sem við lifum nú, þýddi svona setning úr munni ömmunnar ekkert annað en: Þetta er allt ein samansúrruð lygi.

Er betra að veifa röngu tré en öngu?

Oftjáníng er athyglisvert orð, lesendur góðir. Aldrei hefur verið auðveldara en nú að verða hált á svellinu, á tímum Fjasbókar og tölvusamskipta, þar sem kapp er á lagt að menn tjái sig statt og stöðugt um allt milli himins og jarðar; skeytin fljúga og boðin berast á ljóshraða manna á milli. Og vissulega eru miðlarnir fleiri, eins og dæmin sanna: Í sjálfu Hvatarblaðinu hafa undanfarið ár og gott betur birst pistlar undirritaðs um skólastarf og skólamál. Ef hins vegar einhver færi að segja að pistlarnir þeir séu til marks um oftjáníngu, mun ég á augalífandibragði benda á þá staðreynd að ekki sé neitt offramboð á frumsömdu efni í Hvatarblaðinu, svona allajafna.....

21 Önnur mál.**a) Erindi frá Sigmarí Ólafssyni, skólastjóra Kerhólsskóla.**

Fyrir liggur uppsagnarbréf frá Sigmarí Ólafssyni skólastjóra Kerhólsskóla, dagsett 30. nóvember 2015 þar hann óskar eftir lausn frá störfum. Sveitarstjórn hefur móttekið uppsagnarbréfið og þakkar honum störf í þágu skólans. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að semja við starfsmenn stofnunarinnar um stjórnun það sem eftir er af skólaárinu. Auglýst verður eftir stjórnendum í Kerhólsskóla á vordögum.

b) Kerið, umsókn um framkvæmdarleyfi.

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdarleyfi til lagfæringar á göngustíg og aðalútsýnissvæðis við Kerið. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um umsögn Umhverfisstofnunar.

Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 243. stjórnarfundar 28.10 2015.
- ✓ Sorpstöð Suðurlands.
Fundargerð 244. stjórnarfundar 09.11 2015.
- ✓ SASS. Fundargerð 500. stjórnarfundar 19.11 2015.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga.
Fundargerð 832. stjórnarfundar, 20.11 2015.
- ✓ Rauði borðinn, 37. tbl. 26. árg. 2015.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:15



FUNDARGERÐ.

381. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 16. desember 2015 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 2. desember 2015.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 2. desember 2015 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 17. fundar æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 24. nóvember 2015.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram að nýju 17. fundargerð æskulýðs- og menningarmálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 24. nóvember 2015.

Þrastalundur



Opnunartími:

Mánud. - fimmtud. 10:30 til 17:00

föstud - sunnud. 10:30 til 20 :00

Grillið lokar 30 mín. fyrir lokun.

Sími 486-8686

Saumakompan Kringlu Grímsnesi



*Fataviðgerðir, gardínusaumur
og ýmiskonar einfaldur
saumaskapur*

Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515



Fjölskyldurekið svínabú

Sími 771-4465

Við erum á Sólheimahringnum



Kæru heldriborgarar!

*Sundlaugin er opin fyrir ykkur á
mánudags– og fimmtudagsmorgnum
frá kl. 10:00—12:00.*

Frítt inn og kaffi á könnunni !



Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Ungmennaráð.

Drög að samþykkt fyrir Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps lögð fram til seinni umræðu. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

b) Fundargerð 6. fundar húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, 8. desember 2015.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 6. fundargerð húsnefndar Félagsheimilisins Borgar, 8. desember 2015.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Afmæli.

Húsnefnd Félagsheimilisins Borgar óskar eftir samþykki sveitarstjórnar fyrir því að sveitarfélagið greiði hráðfniskostnað vegna afmælisveislu félagsheimilisins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi beiðni.

c) Fundargerð 15. fundar fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 14. desember 2015.

Mál nr. 3 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 15. fundargerð fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 14. desember 2015.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 3: Aðstaða í Kerlingu.

Fjallskilanefnd óskar eftir að keyptar verið nýjar dýnur í gangnamannakofann inn við Kerlingu og að einnig verði settar þakrennur á húsin til að brynna bæði mönnum og hrossum. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi beiðni.

d) **101. fundur Skipulagsnefndar Uppsveita, 10. desember 20-2015.**

Mál nr. 20, 21, 22 og 25 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 101. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 10. desember 2015. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 20: 1512008 - Hamrar 3: Lónakotsbakkar: Deiliskipulag.

Fyrir liggur erindi Þorsteins Garðarssonar dags. 16. nóvember 2015 þar sem óskað er eftir heimild til að reisa sumarhús á bökkum Hvítár í landi Hamra 3. Að mati sveitarstjórnar er forsenda þess að heimilt verði að byggja frístundahús að unnið verði deiliskipulag fyrir svæðið. Í gildandi aðalskipulagi er ekki gert ráð fyrir byggingu nýrra frístundahúsa á landbúnaðar-svæðum og því þarf fyrst að óska eftir breytingu á aðalskipulagi svæðisins. Sveitarstjórn vill benda á að ekki sé heimilt að byggja frístundahús nær árbakka en 50 m.

Mál nr. 21: 1512013 - Lyngborgir: Minniborg: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur beiðni um breytingu á deiliskipulagi Lyngborga sem felst í breytingu á hnitsetningu og þar með afmörkun og stærð þeirra. Þær lóðir sem breytast hafa ekki verið stofnaðar sem fasteignir. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða og samþykkir samhljóða breytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ekki er talin þörf á grenndarkynningu þar sem lóðirnar hafa ekki verið stofnaðar og breytingin hefur ekki áhrif á aðra hagsmunaaðila en núverandi eigenda landsins.

Mál nr. 22: 1511009 - Villingavatn 170831: Þverás 1: Stofnun lóðar.

Lögð fram að nýju tillaga að nýrri 24.400 m² lóð úr landi Villingavatns 1 (lnr. 170831) sem mun fá nafnið Þverás 1. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

Júlí

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

Agúst

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

September

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	

Október

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29

Nóvember

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30			

Desember

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	31

Sorphirðudagatalið er líka á heimasíðunni: gogg.is
Þjónusta/Sorphirða2016

Sorphirðudagatal 2016
Grímsnes og Grafninghreppur Bláskógabyggð
Grátunna
Blátunna

Dagatalið getur breyst vegna veðurs og færðar.

Janúar

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30
31						

Febrúar

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29					

Mars

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
	1	2	3	4	5	
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	ATH	29	30	31	

apríl

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
					1	2
3	4	5	6	7	8	9
10	11	12	13	14	15	16
17	18	19	20	21	22	23
24	25	26	27	28	29	30

Maí

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31				

Júní

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30		

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 9. desember 2015.

e) Fundargerð aðalfundar Bergrisans bs., 30. október 2015.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

f) Fundargerð 7. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs., 15. og 16. október 2015.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. Beiðni um rekstrarstyrk vegna rekstrarársins 2016 frá Samtökum um kvennaathvarf.

Fyrir liggur beiðni um rekstrarstyrk fyrir árið 2016 frá Samtökum um kvennaathvarf að fjárhæð kr. 150.000. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

4. Hæstaréttardómur nr. 776/2015, Sigurður Örn Sigurðsson og Aðalheiður Jacobsen gegn Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur dómur Hæstaréttar nr. 776/2015, Sigurður Örn Sigurðsson og Aðalheiður Jacobsen gegn Grímsnes- og Grafningshreppi. Kærður var úrskurður Héraðsdóms Suðurlands frá 6. nóvember s.l. þar sem vísað var frá dómi máli sóknaraðila á hendur varnaraðila. Hæstiréttur staðfestir úrskurð Héraðsdóms og er sóknaraðila, Sigurði Erni Sigurðssyni og Aðalheiði Jacobsen, gert að greiða Grímsnes- og Grafningshreppi samtals 800.000 kr. í málskostnað í héraði og kærumálskostnað

5. Vöktun Þingvallavatns 2016.

Fyrir liggur að verkefni um vöktun Þingvallavatns verði áfram á árinu 2016 og stendur sveitarfélaginu til að boða að taka þátt í verkefninu. Sveitarstjórn hafnar erindinu.

6. Samningur við Hellarannsóknafélag Íslands.

Lögð fram að nýju drög að samningi við Hellarannsóknarfélag Íslands um faglega ráðgjöf varðandi lokun, verndun og nýtingu dropasteinshraunhella og gosmyndana á afrétti sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi drög og felur Herði Óla að skrifa undir samninginn.

7. Skýrsla R3 Ráðgjafar um greiningu og úttekt á starfsemi Skip-lags- og byggingarfulltrúa uppsveita og Tæknisviði uppsveita.

Lögð fram að nýju skýrsla R3 Ráðgjafar um greiningu og úttekt á starfsemi Skip-lags- og byggingarfulltrúa uppsveita og Tæknisviði uppsveita. Oddvita falið að ræða við nágretta sveitarfélögin um niðurstöðu skýrslunnar.

8. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fella niður næsta reglulega fund sveitarstjórnar þann 6. janúar n.k. Næsti fundur sveitarstjórnar verður þann 20. janúar 2016, kl. 9:00.

Til kynningar

- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands.
Fundargerð 168. stjórnarfundar 27.11 2015.
- ✓ Bréf frá nokkrum stofnunum, dagsett 3. desember 2015 vegna ráðstefnunnar „Frítíminn er okkar fag“ ásamt stuttri samantekt um ráðstefnuna.
- ✓ Bréf frá stjórn VAFRÍ, dagsett 27. nóvember 2015 um óhefðbundnar fráveitulausnir til verndar viðkæmum viðtökum.
- ✓ Neistinn, fréttabréf styrktarfélags hjartveikra barna, 2. tbl. 12. árg. 2015.
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Velferð, málagn og fréttabréf hjartaheilla, 2. tbl. 27. árg. 2015.
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:00



Húsaleigubætur

Viljum minna á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir til áramóta skv. 10. grein laga um húsaleigubætur og skv. 11. grein sömu laga skulu umsókn fylgja eftirtalin gögn:

1. Leigusamningur gerður á staðfest samningseyðublað, undirritaður af báðum aðilum og þinglýstur. (Ekki er þó skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélaga eða félaga sem eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga)
2. Ljósrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili eiga í íbúðinni fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra.
3. Launaseðlar þeirra sömu og getið er í 2. tölulið og barna sbr.1. mgr. 9.gr. fyrir þrjá síðustu mánuði.
4. Önnur þau gögn sem tiltekin eru í reglugerð eða eðli máls, aðstæðum og atvikum kunna að kalla á. Hægt er að lesa lögina í heild inn á heimasíðu Velferðarráðuneytisins <http://www.velferdarraduneyti.is/>

Umsóknir þurfa að berast á skrifstofu Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir 16. janúar 2016.

Sveitarstjóri